



Þjónustusamningur

Kópavogsbær og dagforeldri gera með sér svofelldan samning, sem byggir á „Reglum Kópavogsbæjar um dvöl barna hjá dagforeldrum“. Starfsár dagforeldis samkvæmt samningi þessum telst frá 1. ágúst til 31. júlí en að öllu jöfnu fellur greiðslan niður í júlí.

Skilyrði fyrir gerð þjónustusamnings er að fyrirliggi gilt leyfisbréf dagforeldris um leyfi til gæslu barna. Einnig vottorð heilbrigðiseftirlits og eldvarnareftirlits um að húsnæðið standist skilyrði um gæslu barna.

1. Kópavogsbær greiðir mánaðarlega í ellefu mánuði á ári framlag vegna dvala barna með lögheimili í Kópavogi hjá dagforeldri. Framlagið er í samræmi við gjaldskrá hverju sinni og greitt út fyrirfram fyrsta virka dag hvers mánaðar. Greiðslur geta hafist þegar barn hefur náð tíu mánaða aldri en sex mánaða aldri hjá einstæðu foreldri.
2. Á grundvelli þjónustusamnings er gerður þríliða dvalarsamningur sem er staðfestur af foreldri, dagforeldri og fulltrúa Kópavogsæjar. Þar kemur fram hvernig dvalargjald er ákveðið að teknu tilliti til framlags bæjarins. Innifalið í dvalargjaldi teljast vera laun og orlof fyrir gæslu barna, matur, leikföng, viðhald og rekstur. Dvalarsamningi skal skilað til innritunarfulltrúa eigi síðar en 20. dag næsta mánaðar á undan útborgunardegi.
3. Kópavogsbær greiðir 70 stunda starfsréttindanámskeið fyrir dagforeldra í Kópavogi vegna leyfisveitinga. Greiddir er eftirtaldir styrkir til dagforeldra sem starfa í Kópavogi. Stofnstyrkur að upphæð kr. 300.000.- er greiddur þegar starfsleyfi hefur verið gefið út. Styrkurinn er til að undirbúa húsnæði fyrir daggæsluna og kaupa nauðsynlegan búnað. Aðstöðustyrkur að upphæð kr. 150.000.- er greiddur í ágúst ár hvert. Styrkurinn er til að endurnýja búnað, til viðhalds og viðurkenndrar fræðslu. Styrkurinn gildir fyrir komandi starfsár, sjá 5. gr. í reglum um greiðslu til dagforeldra.
4. Dagforeldri skal taka einn starfsdag til símenntunar á ári án þess að það sé dregið frá dvalargjaldi. Forráðamönnum barna skal gerð grein fyrir dagsetningu starfsdags með minnst mánaðar fyrirvara. Dagforeldrum er heimilt að taka sér allt að fimm daga í leyfi á ári samkvæmt reglum um dvöl barna hjá dagforeldrum sem eru með þjónustusamning við Kópavogsbæ, samkv. 22. gr.
5. Falli þjónusta dagforeldra niður vegna veikinda skal fara með það í samræmi við reglur Kópavogsbæjar um dvöl barna hjá dagforeldrum samkv. 21. gr. Framlag Kópavogsbæjar vegna veikinda er greitt í allt að 10 daga á starfsárinu.
6. Ef barn fær úthlutað leikskólaplássi í Kópavogi eftir 1. maí og gefst kostur á að hefja leikskóladvöl í maí eða júní, þá greiðir Kópavogsbær framlag út júnímánuð ef ekki vistast annað barn í staðinn. Ef barn fær úthlutað leikskólaplássi eftir 1. júní greiðir Kópavogsbær framlag vegna þess allt til loka ágústmánaðar að undanskildu 4 vikna sumarleyfi, að því gefnu að ekki vistist annað barn í staðinn. Þetta á eingöngu við um dagforeldra sem starfa í Kópavogi.
7. Verði dagforeldrar uppvísir að broti á „Reglum Kópavogsbæjar um dvöl barna hjá dagforeldrum“. eða broti á XI. kafla reglugerðar nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum áskilur Kópavogsbær sér þann rétt að rifta samningi þessum með mánaðar fyrirvara.
8. Dagforeldri veitir Kópavogsbæ heimild til þess að afla upplýsinga frá öðrum sveitarfélögum um fjölda barna sem eru á skrá hjá dagforeldrinu.
9. Samningur þessi er uppsegjanlegur með mánaðar fyrirvara miðað við 1. hvers mánaðar.

Dags: _____

F.h. Kópavogsbæjar

Dagforeldri

Kennitala

Bankaupplýsingar